# GRUNDARTANGI - AUSTURSVÆÐI - IÐNAÐARSVÆÐI I1 - Klafastaðir - tengivirki - Landsnet - Leynisvegur nr. 1

# DEILISKIPULAG M. 1:2000 September 2016




Hluti úr gildandi deiliskipulagi (ekki í kvarða)
Deiliskipulag lóða á stóriðnaðarsvæði við Grundartanga.
Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps í mars 1997, síðast breytt í janúar 2004.




Tillaga að breytingu m. 1:2000.




Hluti úr aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020. Breyting nóvember 2010




Skýringarmynd (ekki í kvarða)

## GREINARGERÐ

### INNGANGUR

Í júlí 2012 samþykkti sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar breytingu á hluta gildandi deiliskipulags lóða á stóriðnaðarsvæði við Grundartanga, nánar tiltekið á iðnaðarsvæði I1-Klafastaðir-Leynisvegur nr. 1. Þar sem auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda eftir að lögboðinn frestur var útrunninn tók deiliskipulagsbreytingin ekki gildi. Þess vegna er deiliskipulagstillagan frá 2012 hér með auglýst á nýjan leik með minni háttar breytingum þar sem lóðinni er skipt upp í deiliskipulagt svæði annars vegar og umráðasvæði Landsnets til framtíðar hins vegar.

Í nóvember 2015 samþykkti sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar breytingu á fyrrnefndu deiliskipulagi lóða á stóriðnaðarsvæði við Grundartanga. Sú deiliskipulagsbreyting tók aðeins til lóðar Norðuráls.

### FORSENDUR

#### Almennt

Deiliskipulag þetta er til komið vegna áforma um að styrkja flutningskerfi Landsnets við Brennimel og tryggja næga raforku fyrir iðnaðar- og athafnastarfsemina á Grundartanga. Í því augnamiði er stefnt að því að reisa launaflasvirki og ný 400 kV, 220kV og 132 kV tengivirki sunnan Grundartangavegar, þar sem flutningslínur raforku liggja að svæðinu úr austri. Um er að ræða Járnblendilínu 1 (JA1), Norðurálslínu (NA1) og Norðurálslínu 2 (NA2). Þær eru allar reknar á 220 kV spennu. Tengivirkin verða byggð innanhúss og reist í þremur áföngum:

1. áfangi: Launaflsvirki, svonefnt SVC virki.
2. áfangi: 220 kV tengivirki og 132 kV tengivirki.
3. Áfangi: 400 kV tengivirki.

Horft er til langs tíma en tímasetning uppbyggingar liggur ekki fyrir.

Launaflvirkið mun tengjast Norðurálslínu 1 (NA1) en tengivirkin sem byggð verða í 2. og 3. áfanga munu tengjast innbyrðis og við línur sem fyrir eru á svæðinu svo og áætlaðar framtíðarflutningslínur á svæðinu.

#### Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er skilgreint iðnaðarsvæði (I1) í gildandi aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2028. Skipulagssvæðið er norð/austan Leynisvegar og suð/austan fyrirhugaðs Grundartangavegar, Athafnasvæði Norðuráls liggur að skipulagssvæðinu. Skipulagssvæðið er 6,5 ha. og er í eigu Faxaflóahafna sf.

Um er að ræða tiltölulega flatt land, 12-15 m yfir sjávarmáli.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi eru ekki skilgreind verndarsvæði á skipulagssvæðinu.

Gert er ráð fyrir aðkomu að skipulagssvæðinu frá Leynisvegi.

#### Tengsl við aðrar áætlanir

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2028.

Tillagan er í samræmi við leiðarljós aðalskipulagsins þar sem kveðið er á um fjölbreytilegt og öflugt atvinnulíf sem laðar að sér fyrirtæki og nýja starfsemi.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við stefnumörkun aðalskipulagsins varðandi rafveitu þar sem kveðið er á um að háspennulínur sem koma inn í sveitarfélagið að austanverðu og liggja að Brennimel liggi samsíða Sultartangalínu 3 að eins miklu leyti og mögulegt er eða þær lagðar í jörð.

Í stefnumörkun aðalskipulags kemur einnig fram að ef til standi að reisa mannvirki í nágrenni háspennulínu þurfi að reikna út öryggisfjarlægð í hverju tilviki fyrir sig og helgunarsvæði 132 kV háspennulína sé 35-45 m í heildina, 220 kV háspennulínu sé 65-85 í heildina og helgunarsvæði 400 kV háspennulínu sé 75-90 m í heildina.

### DEILISKIPULAG

#### Almennt

Á iðnaðarsvæðum (I) skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, **tengivirkjum** veitustöðvum, skólpdælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

#### Markmið deiliskipulags

- Að fylgja eftir áætlunum Landsnets um raforkuflutning í Hvalfirði og á Grundartangasvæðinu sem hluta af langtímauppbyggingu raforkukerfisins.
- Að mæta auknu álagi á svæðinu.
- Að fylgja eftir lögbundnu hlutverki Landsnets varðandi raforkuflutning.

#### Lóð fyrir tengivirki

Lóðinni Leynisvegur 1 sem er 64.840 m2 er skipt upp. Annars vegar í 15.463 m2 deiliskipulagt svæði þar sem gert er ráð fyrir tengivirki og flutningslínum raforku. Hins vegar er um að ræða 49.377 m2 svæði sem skilgreint er sem umráðasvæði Landsnets til framtíðar og frekari þróunar tengivirkja fyrirtækisins.

Þegar Landsnet hyggst nýta umráðasvæðið verður gerð deiliskipulagsbreyting þar sem stærð lóðar og skipulagsákvæði verða skilgreind. Ástæða uppskiptingarinnar er sú að að óvíst er hvenær frekari tengivirki Landsnets verða reist.

Í deiliskipulagi er um að ræða tvo byggingarreiti, þar sem skilgreind er mismunandi hámarkshæð mannvirkja. Einnig er skilgreind aðkoma að lóð og aðkomusvæði ásamt fjölda bílastæða svo og flutningslínur raforku.

Áfangi 1: Launaflsvirki, SVC virki, yfirbyggt á einni hæð. Hámarkshæð byggingar: 22,0 m.

Áfangi 2a: 220kV tengivirki, yfirbyggt á einni hæð.
Hámarkshæð byggingar: 22,0 m.

Áfangi 2b: 132kV tengivirki, yfirbyggt á einni hæð. Hámarkshæð byggingar: 15 m.

Áfangi 3: 400 kV tengivirki, yfirbyggt á einni hæð. Hámarkshæð: 26,0 m.

#### Háspennulínur og endamöstur

Háspennulínur eru sýndar á uppdrætti. Endamöstur eru staðsett utan skipulagssvæðis og eru hluti af framkvæmd við háspennulínur.

#### Gönguleiðir og girðingar

Engar gönguleiðir eru um skipulagssvæðið. Gert er ráð fyrir að frágangur á lóðarmörkum verði felldur að aðliggjandi umhverfi og lóðin verði opin og ógirt.

#### Jarðvegsfyllingar

Uppgröftur á framkvæmdasvæðinu verður nýttur innan lóðar til landmótunar og aðlögunar mannvirkja að landslagi eftir því sem kostur er. Lögð er áhersla á að vanda frágang og lágmarka eins og kostur er neikvæð umhverfisáhrif við fyrirhugaðar framkvæmdir.

#### Neysluvatn og fráveita

Stofnlagnir vatnsveitu liggur um svæðið og er gert ráð fyrir að mannvirki tengist henni. Faxaflóahafnir sf eru að vinna að framtíðarvatnsöflun fyrir Grundartangasvæðið í samráði við sveitarfélagið Hvalfjarðarsveit og fyrirtækin á svæðinu. Frárennsli úr tengivirki verður veitt í rotþró á lóðinni en tengd við frárennsliskerfi þegar það hefur verið lagt um iðnaðarsvæðið. Regnvatn og yfirfall frá rotþróm verður veitt í sitrulögn. Nákvæm staðsetning og fyrirkomulag rotþróar og sitrulagnar verður útfært í tengslum við hönnun mannvirkja.

### HÖNNUN MANNVIRKJA

#### Aðalteikningar

Aðalteikningar skulu vera í samræmi við deiliskipulag, hæðar- og mæliblöð svo og byggingarreglugerð og önnur lög og reglugerðir sem við eiga. Leggja skal inn til samþykktar byggingarnefndar heildaruppdrætti af öllum fyrirhuguðum mannvirkjum á viðkomandi lóð.

#### Mæli- og hæðarblöð

Á mæliblöðum eru sýndar lagnir, lóðarstærð, lóðarmörk, málsettir byggingarreitir og kvaðir ef einhverjar eru svo sem um stíga, aðkomuleiðir eða lagnir. Hæðarblöð sýna götu- og gangstéttahæðir við lóðarmörk, landhæðir og kóta aðkomuhæðar, frárennslislagnir og fl.

#### Skipulags- og byggingarskilmálar

Mannvirki á lóð eru steinsteypt stoðvirki og háar, léttbyggðar byggingar með málmklæðningum.

Leitast skal við að draga úr einsleitni stórra vegg- og þakflata, t. d. með stölluðum vegg- og þakflötum og markvissri úrvinnslu utanhússklæðninga.

Vegg- og þakfletir verði að verulegu leyti klæddir málmklæðningum í fjölbreytilegum útfærslum.

Gera skal ráð fyrirr 10 bílastæðum á lóð.

Girðingar á lóð eru háðar samþykki byggingaryfirvalda.

Landmótun falli vel að óhreyfðu landi og mannvirkjum.

Að öðru leyti vísast til deiliskipulagsuppdráttar.

### UMHVERFISSKÝRSLA

#### Inngangur

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, 1. viðauka, 22. lið er tilgreindar loftlínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri. Samkvæmt því fellur deiliskipulagsáætlunin undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Umhverfisskýrsla þessi er unnin skv. 6 gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

#### Tengsl við aðrar áætlanir

Tengsl deiliskipulagstillögunar við aðrar áætlanir má sjá í kafla 1.1.3 í greinargerðinni með deiliskipulagstillögunni.

#### Upplýsingar um grunnástand

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að tengivirkið verði staðsett nálægt iðjuverum í Hvalfirði, á iðnaðarsvæði, norðan Norðuráls.

Lýsingu á skipulagssvæðinu má sjá í kafla 1.1.2 í greinargerðinni með deiliskipulagstillögunni.

#### Umhverfisþættir

Helstu umhverfisáhrif launaflvirkis og tengivirkja eru talin vera á landslag, sjónræn áhrif, hljóðvist, raf- og segulsvið. Jafnframt er fjallað um hugsanleg áhrif á náttúrufar í umhverfismatinu.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi eru ekki skilgreind verndarsvæði innan skipulagssvæðisins enda ekki vitað um menningarminjar né sérstakar jarðmyndanir sbr. 37. gr. laga um náttúruvernd. Því er ekki talin ástæða til umfjöllunar um jarðfræði, jarðmyndanir, fornminjar, vatnsvernd og neysluvatn.

Í töflu 1 má sjá þau stefnuskjöl og viðmið sem farið er eftir við mat á ofangreindum umhverfisþáttum. Fjallað verður um hvern áhrifaþátt fyrir sig síðar í umhverfisskýrslunni.

**Tafla 1.** *Stefnuskjöl og viðmið hvers umhverfisþáttar sem fjallað verður um.*

| *Umhverfisþáttur* | *Stefnuskjölog viðmið* |
|---|---|
| **Landslag og sjónræn áhrif** | Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 |
| | Náttúruminjaskrá, 7. útgáfa, 1996, með síðari viðbótum |
| **Hljóðvist** | Reglugerð um hávaða (724/2008) |
| **Raf- og segulsvið** | International Commission on Non-Ionizing Radiation Protection (ICNIRP) |
| | UK National Radiation Protection Board (NRPB-UK) |
| | CENELEC ENV 50166-1 |
| | The Council of the Europian Union |
| **Náttúrufar** | Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 |
| | Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994. |

#### Aðferðir við umhverfismat

Mat á umhverfisáhrifum byggist á tveimur meginþáttum. Annars vegar viðmiðum í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu. Hins vegar greiningu sérfræðinga á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti innan áhrifasvæðisins.

Við umhverfismat er unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Einnig er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti er stuðst við tiltekin viðmið, s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðasamninga, lög og reglugerðir, sjá töflu 1.

#### Umhverfismat áætlunar og valkostir

Við matið er, líkt og fram hefur komið, notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Lega háspennulína á svæðinu réð mestu um staðsetningu tengivirkisins á austursvæði Grundartangasvæðisins í næsta nágrenni við Norðurál og Elkem Ísland. Lóð Norðuráls er suð/austan skipulagssvæðisins og sunnan þess, handan Leynisvegar, er lóð Elkem Island.

#### Landslag og sjónrænir þættir

Jarðrask af völdum framkvæmda getur haft í för með sér áhrif á landslag og ásýnd lands. Helstu umhverfisáhrif með tilkomu launaflsvirkis og tengivirkja eru sjónræn þar sem um stórar byggingar er að ræða. Töluvert jarðrask verður einnig í kjölfar framkvæmdanna en reynt verður eftir bestu getu að halda því í lágmarki.

Um er að ræða svæði sem er skilgreint sem iðnaðarsvæði. Önnur mannvirki innan svæðisins eru af sömu stærðargráðu og launaflsvirkið og tengivirkin munu vera. Ný mannvirki eru því í takt við hlutfall annarra bygginga og breyta því ekki ásýnd svæðisins svo verulegt geti talist. Þó verður vandað til úlits mannvirkja með byggingarskilmálum. Settir hafa verið fram skipulags- og byggingarskilmálar til að bregðast við sjónrænum áhrifum fyrirhugaðra mannvirkja. Um þá má lesa í kafla 1.3.3 í greinargerðinni með deiliskipulagstillögunni.

Áhrif deiliskipulagstillögunnar á landslag og sýnileika eru því staðbundin, varanleg en að mestu afturkræf, sökum umfangs teljast áhrifin þó talsverð og því mikilvægt að vanda vel til útlits mannvirkja.

#### Hljóðvist

Með tilkomu launaflvirkis og tengivirkja geta orðið breytingar á hljóðvist. Aftur þarf að huga að því að um iðnaðarsvæði er að ræða og tengivirkið fjarri íbúðabyggð. Tengivirkið er afskermað með yfirbyggingu og því er dregið verulega úr hljóðstigi. Hins vegar þarf að gera ráð fyrir að stöðugur niður verði frá spennum og öðrum búnaði innan launaflavirkis og frá tengdum háspennulínum. Tengivirkið er fjarri íbúðabyggð og ekki talið að það muni valda umtalsverðum áhrifum vegna hávaða. Hávaði við lóðarmörk verður innan marka reglugerðar um hávaða.

Áhrif deiliskipulagstillögunnar á hljóðvist eru því talin minniháttar, staðbundin og afturkræf og í heildina óveruleg.

**Raf- og segulsvið**

Þar sem um tengivirki er að ræða þarf að huga að áhrifum frá bæði raf- og segulsviðum umhverfis háspennulínurnar. Tengivirkið er á miðju iðnaðarsvæði fjarri íbúðabyggð og því er ekki talið að umhverfisáhrif vegna raf- eða segulsviðs verði umtalsverð.

Áhrif deiliskipulagstillögunnar á raf- og segulsvið eru því talin minniháttar, staðbundin og því óveruleg.

#### Náttúrufar

Við mat á umhverfisáhrifum fyrir álver Norðuráls var gerð könnun á gróðurfari og fuglalífi á Grundartanga. Í matsskýrslunni var talið að áhrif á dýralíf á landi yrðu að mestu talin verða óveruleg og helst sú niðurstaða óbreytt með tilkomu tengivirkjanna.

Skv. skýrslu um gróðurfar á Grundartanga og nágrenni sem Guðmundur Guðjónsson og Kristbjörn Egilsson unnu árið 1998 einkennist land við Grundartanga almennt af víðáttumiklu votlendi, mismunandi vel grónum mosa-, grasi- og lyngvöxnum grjótholtum, vallendisræmum og ræktuðu landi.

Það svæði sem fer undir tengivirkin er að langmestu leyti deiglendi eða mýrlendi sem að hluta hefur verið raskað með framræsingu og að hluta með háspennulínum. Jafnframt er skógrækt í jaðri lóðarinnar. Áhrif deiliskipulagstillögunar á gróður eru staðbundin og varanleg. Heildaráhrif á votlendi við Grundartanga eru þó talin óveruleg.

#### Niðurstaða umhverfismats

Þegar á heildina er litið eru umhverfisáhrif deiliskipulagstillögunnar talin óveruleg á alla umhverfisþætti sem voru skoðaðir. Helstu áhrifin eru vegna sjónrænna áhrifa og hefur veriðbrugðist við því með því að setja skilyrði um útlit mannvirkja í skipulagskilmála. Skipulagssvæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 og fjarri íbúðabyggð. Skipulagssvæðið er því í takt við núverandi aðalskipulag.

#### Vöktunaráætlun

Engin umhverfisvandamál varða áætlunina og ekki er gert ráð fyrir vöktun vegna umhverfisáhrifa.

#### Heimildir


[1] Guðmundur Guðjónsson og Kristbjörn Egilsson (maí 1998). *Gróðurfar á Grundartanga og nágrenni.* Unnið fyrir Verkfræðistofuna Hönnun hf.

[2] Skipulagsstofnun (október 2007). *Álver í Helguvík. Ársframleiðsla allt að 250.000. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.*


## SKÝRINGAR

- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Iðnaðarlóð
- Byggingarreitur
- Umráðasvæði til framtíðar
- Landnotkun | Stærð byggingarreits / Hámarkshæð byggingar yfir kóta aðkomuhæðar
- Vegur

SAMÞYKKTIR:

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá__________ til__________var samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar þann __________20____

SVEITARSTJÓRI Hvalfjarðarsveitar

Deiliskipulagsbreyting þessi var auglýst í B-deild stjórnartíðinda.

Kortagrunnur er frá Lofmyndum ehf.
Hnitakerfi: Ísnet
Hæðarkerfi: Meðalsjávarhæð
Hæðarlínubil: 1 m
Húshorn eru mæld á þakbrún
Lega og útfærsla gatna og gatnamóta getur lítillega breyst við nánari hönnun þeirra
.
Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf vann að deiliskipulaginu í samráði við Faxaflóahafnir og Landsnet vorið 2015.

Faxaflóahafnir sf Associated Icelandic Ports


TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí.
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 3 101 REYKJAVÍK
SÍMI 552-8740 FAX 562-8740
NETFANG: TEIKNA@TEIKNA.IS


| | | |
|---|---|---|
| GRUNDARTANGI IÐNAÐARSVÆÐI I1 | | |
| HVALFJARÐARSVEIT IÐNAÐARSVÆÐI | VERK 15-267 | |
| DEILISKIPULAG | BLAÐ 001 | |
| AUSTURSVÆÐI - TENGIVIRKI - LANDSNET LEYNISVEGUR NR. 1 | | |
| HANNAÐ gy | TEIKNAÐ gy, as | REYKJAVÍK 2016-09-03 |
| KVARÐI 1:2000 | | |